

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 2006 í máli nr. S-1736/2006:

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)

gegn

Sigurði Rafni Ágústssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

Ár 2006, fimmtudaginn 26. október, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara og dómur kveðinn upp í málinu nr. S-1736/2006: Ákærvaldið gegn Sigurði Rafni Ágústssyni, sem dómtekið var 24. sama mánaðar.

Ríkissaksóknari höfðaði málið með ákæru útgefinni 10. október 2006 á hendur ákærða, Sigurði Rafni Ágústssyni, kt. 000000-0000, Mosarima 2, Reykjavík, til refsingar fyrir nauðgun samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992 og rán samkvæmt 252. gr. hegningarlaganna, „með því að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 10. ágúst 2006, á göngustíg milli Arnarbakka og Suðurfells í Reykjavík, þröngvað [A] til annarra kynferðismaka en samræðis er hann, vopnaður hnífi, réðist á [A] tók um háls hennar og henti henni í jörðina þar sem hann vafði sjali um höfuð hennar, dró niður um hana buxur, káfaði á kynfærum [A] og setti fingur inn í leggöng hennar, skar af henni brjóstahaldara og káfaði á og sleikti brjóst hennar, beit [A] í hálsinn og bar logandi kveikjara að kynfærum hennar, og fyrir að hafa tekið af [A] farsíma og kr. 2.500 er hann hélt henni fastri á grúfu með því að setja annað hné sitt í bak hennar og hitt á höfuðið.“

A, fædd 1984, krefst 2.200.000 króna miskabóta úr hendi ákærða, auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. ágúst 2006 til greiðsludags.

Ákærði hefur játað sakargiftir. Hann krefst því vægustu refsingar sem lög leyfa og að miskabætur verði lækkaðar.

I.

Aðfaranótt fimmtudagsins 10. ágúst 2006 kl. 04:18 fór lögregla að Select Shell stöðinni Suðurfelli vegna tilkynningar um nauðgun og rán. Þar hittist fyrir A. Í frum skýrslum lögreglu segir að A hafi verið grátandi og í miklu uppnámi. Hún hafi sagst hafa verið á leið til vinnu og gengið um óupplýstan malarstíg, sem liggur frá Arnar bakka að Suðurfelli. Þar hefði ókunnur karlmaður, þéttvaxinn og alskeggjaður, sem A lýsti nánar, ráðist aftan að henni með hnífi, lagt hann þétt að hálsi hennar og hrint henni til jarðar. Í framhaldi hefði hann vafið sjali A um höfuð hennar, klætt hana úr fötum, reynt að þröngva henni til samræðis um leggöng, borið logandi kveikjara að kynfærum hennar, rekið fingur inn í leggöngin, skorið sundur brjóstahaldara og bæði sleikt og káfað á líkama hennar. Að sögn A hafi hún barist um og meitt árásar manninn, en við svo búið hefði hann tekið farsíma hennar og 2.500 krónur í reiðufé og því næst horfið á braut.

A var færð á Neyðarmóttökuna, þangað sem komið var með hana um kl. 05. Leit var gerð að ætluðum árásarmanni, jafnframt því sem rannsóknarlögreglumenn voru kvaddir til að skoða vettvang. Samkvæmt skýrslum tæknideildar fannst sjal A í grasi við hlið malarstígsins, ásamt gleraugum, sem hún sagðist hafa tapað. Á stígunum, þar við hliðina, sást nýlegt rót í mölinni og hluti skófars. Framlagðar ljós myndir af vettvangi sýna sömu atriði.

Í þágu rannsóknar málsins aflaði lögregla myndskaiða úr öryggismyndavélakerfi Select stöðvarinnar, sem liggja frammi í málinu. Við skoðun þeirra sást karlmaður, sem svipaði til lýsingar A á árásarmanni, koma inn á bensínstöðina kl. 03:19 umrædda nótt. Einnig sást A koma að stöðinni kl. 04:04. Hinn grunaði sást dæla bensíni á fólksbifreið og aka á brott. Við eftirgrennslun bárust böndin að ákærða og mætti hann til skýrslugjafar sem vitni 16. ágúst.

II.

Víkur nú sögunni að A, en hún gekkst undir rannsókn á Neyðarmóttökunni kl. 05:15 umrædda nótt. Í skýrslu Kristínar Andersen læknis segir að A hafi verið í miklu uppnámi. Hún hafi grátið og skolfið, sagst vera aum um allan líkamann og ekki treyst sér til að ganga. A hafi skýrt frá því að ókunnur maður hefði ráðist aftan að henni á fyrrnefndum göngustíg laust fyrir kl. 04, tekið hana kverkataki með hníf sér í hönd, vafið sjali A um höfuð hennar, svo að hún hefði misst gleraugu og skellt henni í jörðina. Í framhaldi hefði hann þrifið peysu hennar upp að hálsi, dregið buxur hennar niður á hæla og reynt að skera utan af henni brjóstahaldara. Að sögn A hafi hún barist um og öskrað, hann reynt að þröngva getnaðarlim sínum inn í leggöng og munn hennar, en hvoru tveggja án árangurs vegna mótstöðu hennar. Við þetta hefði maðurinn reiðst, sagt að hún væri óþekk og borið kveikjara að

kynfærum hennar. Í kjölfarið hefði hann káfað á, sleikt og sogið líkama hennar, meðal annars brjóst og bitið hana í hálsinn. Hann hefði einnig rekið fingur inn í leggöng hennar. A hafi reynt að hræða manninn með því að segja að fólk væri á leið um göngustíginn og að sjoppa í næsta nágrenni færi að opna von bráðar. Hann hafi þá leitað í fötum hennar, tekið af henni farsíma og peninga, því næst bundið sjalið betur um höfuð hennar og skipað henni að liggja kyrri á meðan hann hefði sig á brott.

Í sömu skýrslu er lýst skítugum fatnaði A og grasi og jarðvegi í hári hennar, aftan á rassi og baki. Þá er getið um brjóstahaldara, sem hafi verið skorinn og næstum í sundur að aftanverðu. Af áverkalýsingu Kristínar má ráða að A hafi verið með hring laga roða og mar vinstra megin á hálsi, sem samrýmdist ummerkjum eftir bit. Þá hafi sést húðrispur og klórför á baki, utan við vinstra brjóst og á framhandleggjum. Áverkarnir voru ljósmyndaðir og eru þær myndir meðal framlagðra gagna.

A fór sama dag á lögreglustöð og kærði hinn ókunna árásarmann. Hún sagðist hafa verið á leið til vinnu og gengið sem oftast um hinn óupplýsta göngustíg þegar hún hefði orðið vör við einhvern fyrir aftan sig. Viðkomandi hefði gripið með hægri handlegg um háls hennar, sagt að hann væri með hníf og sýnt henni hníf með tréskæfti og að því er virtist bognu blaði. Í framhaldi hefði viðkomandi, karlmaður með þykkt og mikið alskegg, hrint henni á magann í jörðina, sett annað hné sitt á bak hennar, en hitt á vinstri hlið andlits hennar og þannig haldið henni fastri. Í kjölfarið hefði hann vafið sjali A um höfuð hennar, reynt að draga niður buxur og káfa á brjóstum hennar. Þar sem hún hefði legið á maganum hefði manninum verið óhægt um vik, hann því snúið henni á bakið, losað um buxur hennar og dregið þær niður á ökkla. Því næst hefði hann sett hendur hennar upp fyrir höfuð, haldið þeim þar með annarri hendi, en notað hina til að káfa á kynfærum hennar og stungið fingri eða fingrum inn í leggöng. Að sögn A hefði hún brotist um eftir mætti og maðurinn þá sagt að hún væri óþekk. Því til áréttingar hefði hann tekið kveikjara og borið logandi að kynfærum hennar. Í kjölfar þessa hefði hann reynt að glenna fætur hennar sundur og komast á milli þeirra, en ekki tekist það vegna mótspyrnu hennar. Þess í stað hefði hann skipað henni að sjúga getnaðarlim hans, en hún þverneitað. Maðurinn hefði þá viljað semja um að annað hvort myndi hún sjúga hann eða hann nauðga henni, en hún setið fast við sinn keip og barist um. Jafnframt hefði hún reynt að hræða manninn með því að segja að algengt væri að fólk væri á ferli um stíginn. Maðurinn hefði ekki kippt sér upp við þetta, dregið peysu hennar upp á bringu og sagst vilja sjá brjóst hennar. Þessu hefði hann fylgt eftir með því að reyna að skera utan af henni brjóstahaldara, sem að lokum hefði gefið sig og hann náð honum af henni. Í framhaldi hefði maðurinn káfað á báðum brjóstum og sleikt þau, hún barist um, náð að losa hendur sínar og bæði klipið hann í læri og togað í skegg hans. Maðurinn hefði brugðist við með því að bíta hana í hálsinn og ítreka hve óþekk hún væri. Hann hefði síðan velt henni aftur yfir á magann, sett annað hné sitt á bak hennar og hitt á höfuð og þannig leitað í vösum á úlpu hennar. Þar hefði hann fundið og haft á brott með sér 2.500 krónur úr seðlaveski og farsíma, en áður hefði hann tekið símakortið úr og sagst ekki vilja að hún glataði vistuðum númerum. Því næst hefði maðurinn vafið sjalinu betur um höfuð hennar og skipað henni að liggja kyrri, en ella kæmi hann aftur. Að svo búnu hefði maðurinn sleppt taki á henni og

hlaupið á brott.

III.

Sem fyrr segir gaf ákærði skýrslu vitnis 16. ágúst. Þegar honum höfðu verið kynnt tildrög skýrslugjafarinnar, þ.e. að hann hefði sést fara inn á Select stöðina og kaupa bensín, greindi ákærði frá ferðum sínum um nóttina. Skömmu síðar var hann stöðvaður af, honum sagt að frásögnin teldist ótrúverðug og að hann væri handtekinn vegna gruns um rán og kynferðisbrot gagnvart A. Í kjölfar þessa kvaðst ákærði vilja játa sök og sagðist ekki þurfa verjanda. Hann greindi í framhaldi frá því að hann hefði keypt bensín á Select stöðinni og síðan ekið um Breiðholtið í leit að tiltekinni jeppabifreið, sem hann hefði haft spurnir af og haft hug á að kaupa í varahluti. Þegar hann hefði komið að Arnarbakka hefði hann séð stúlku, eina á ferð og ákveðið að ráðast á hana og reyna að nauðga henni, enda talið hana auðvelt skotmark. Hann hefði því lagt bifreiðinni og elt stúlkuna eftir umræddum göngustíg. Þar hefði hann ráðist á hana, stúlkun veitt mótspyrnu og hann hætt í miðju kafi. Ákærði kvaðst ekki geta útskýrt hegðun sína frekar og nefndi að hann hefði verið undir áhrifum amfetamíns, sem hann neytti daglega. Ákærði sagðist reiðubúinn að aðstoða lögreglu eftir föngum við rannsókn málsins og gat þess að hann væri í sama fatnaði og hann hefði klæðst við árásina.

Að lokinni skýrslutöku var gerð leit á heimili ákærða. Þar vísaði hann lögreglu á vasahníf, sem hann hefði notað um nóttina, sem og farsíma A, sem ákærði hafði falið í geymsluherbergi. Umræddur hnífur vegur rúmlega 110 grömm. Í lokaðri stöðu mældist hann 10,1 sm á lengd, en í opinni 17,7 sm. Framlagðar ljósmyndir sýna að hnífurinn er með járnslégnu tréskefti og er fremri hluti blaðsins boga dreginn.

Ákærði var yfirheyrður að nýju sama dag, þá í viðurvist verjanda. Hann skýrði frá atvikum á sama veg, lét þess enn getið að hann hefði talið A vera auðvelt skotmark, á leið um malarstíginn og sagði þá hugmynd að reyna að nauðga henni hafa kviknað þegar hann hefði séð hana eina á ferð. Hann hefði því elt A eftir stígnum og sætt færir að ráðast á hana þar sem myrkur hefði verið mest. Þar hefði hann látið til skarar skriða, tekið með öðrum handlegg utan um háls A og haldið á opnum hnífi í hinni hendinni. Að sögn ákærða hefði hann sýnt A hnífinn og gefið til kynna, í skipunartón, að hann vildi eiga við hana samræði. A hefði streist á móti og þau fallið til jarðar. Þar hefði ákærði reynt að ná henni úr buxum, gengið erfðilega vegna mótspyrnu, en að lokum náð að draga buxur hennar og nærbuxur niður að hnjám. Því næst hefði hann reynt að glenna fætur hennar sundur, en gefist upp á því eftir nokkra stund. Í framhaldi hefði hann tilkynnt A að ef hann mætti sjá og káfa á brjóstum hennar þá myndi hann láta af öðrum tilburðum. Við það hefði A hætt að brjótast um, ákærði skorið á brjóstahaldara hennar með hnífnum og hann losnað frá brjóstunum. Í kjölfarið hefði ákærði strokið og sogið brjóstin. A hefði ekki veitt mótspyrnu á meðan, en sagt að hann gæti tekið farsíma hennar, peninga og sígarettur. Jafnframt hefði hún grátið og beðist vægðar og sagt að einhver gæti

komið að þeim á stígunum. Að sögn ákærða hefði hann síðan tekið af henni farsímamann, án símakorts, eitt þúsund króna seðil og einhverja skiptimynt og því næst hlaupið á brott. Ákærða var í framhaldi kynnt frásögn A hjá lögreglu. Hann sagði A fara með rétt mál og tók fram að hann myndi sjálfur ekki eftir öllum smáatriðum, enda í talsverðri vímu meðan á árásinni hefði staðið. Jafnframt hefði hann verið orðinn æstur eða reiður vegna þess hve illa hefði tekist að hemja A, en hann hefði sjálfur verið kynferðislega örvaður. Ákærði kvaðst síðan aðeins gera tvær athugasemdir við frásögn A; annars vegar að hún hefði hætt að berjast á móti þegar hann hefði farið að eiga við brjóst hennar og hins vegar að hann hefði aðeins tekið rúmlega 1.000 krónur af henni.

IV.

Ákærði var færður fyrir dómara 17. ágúst. Hann játaði sök í viðurvist verjanda og kvaðst reiðubúinn að gangast undir geðrannsókn. Í framhaldi var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 28. september og gert að sæta geðrannsókn. Þann dag var varðhaldið framlengt og því markaður tími til dómsuppsögu; þó ekki lengur en til 9. nóvember næstkomandi.

Tómasi Zoëga geðlækni var falin framkvæmd nefndrar geðrannsóknar. Í álitserð hans 11. september 2006 er lýst langvarandi afmetamínneyslu ákærða, sem hafi verið stöðug vikurnar fyrir árásina, 2-3 grömm á dag. Ákærði hafi ítrekað ekki sagst geta útskýrt hvað hefði komið yfir hann og að hann sæi eftir að hafa ráðist á A. Samkvæmt sjúkdómsgreiningu Tómasar þjáist ákærði af geð- og atferlisröskunum af völdum amfetamíns og persónuleikaröskun. Að mati sérfræðingsins bendi allt til þess að ákærði hafi verið undir verulegum amfetamínáhrifum á verknaðarstundu. Hins vegar sé ekkert sem bendi til þess að hann sé ósakhæfur eða að refsing geti ekki borið tilætlaðan árangur, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Við þingfestingu málsins 17. október játaði ákærði sakargiftir samkvæmt ákæru og viðurkenndi bótaskyldu gagnvart A. Við aðalmeðferð 24. þessa mánaðar kvaðst ákærði muna lítið eftir atburðum. Hann greindi þó frá því að hann hefði verið í bifreið sinni á leið um Arnarbakka þegar hann hefði séð A eina á ferð. Hann hefði lagt bifreiðinni, farið í humátt á eftir henni og fylgt henni eftir þegar hún hefði gengið inn á malarstíginn milli Arnarbakka og Suðurfells. Aðspurður kvaðst ákærði hvorki muna hvað hefði vakað fyrir honum á þeirri stundu, né heldur hvenær með honum hefði vaknað ásetningur til að nauðga A. Hann tók fram í þessu sambandi að hann hefði verið í mikilli amfetamínneyslu vikurnar á undan, verið undir áhrifum þess umrædda nót og svefnlaus með öllu til fjögurra eða fimm náttu. Ákærða var í framhaldi lesinn eigin framburður hjá lögreglu um aðdraganda árásarinnar og tilgang eftirfararinnar. Hann kvaðst ekki neita réttmæti þeirrar frásagnar og viðurkenndi í framhaldi að ásetningur til að nauðga A hefði kviknað þegar hann

hefði séð hana eina á ferð um Arnarbakka. Aðspurður kvaðst ákærði þá hafa haft í hyggju að eiga við hana samræði um leggöng. Hann kvaðst muna eftir að hafa tekið fram hníf á stígnum og opnað, því næst ráðist aftan að A, tekið utan um munn hennar og sýnt henni hnífinn. Að sögn ákærða hefði hann haldið fingri um hnífs oddinn þannig að A gæti ekki meitt sig á hálsi, hún ekki trúað að hann væri með hníf og hann því tekið fingurinn frá. Í framhaldi hefðu þau bæði dottið til jarðar. Ákærði sagði að hann hefði síðan reynt að losa brjóstahaldara hennar, en kvaðst ekki muna hvernig. Í kjölfar þessa var honum lesin frásögn hans hjá lögreglu um atburðarás og staðfesti ákærði þann framburð í einu og öllu. Jafnframt var honum kynntur vitnisburður A, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi og kvaðst hann í engu vilja hreyfa mótmælum við frásögn hennar, þótt hann segðist muna lítið eftir þeirri atburðarás, sem hún lýsti.

A bar fyrir dómi að hún hefði greint sinn verið á leið til vinnu og sem oftast gengið um malarstíginn þegar hún hefði orðið vör við fótatak fyrir aftan sig. Hún hefði ekki kippt sér upp við þetta, enda von því að mæta fólki á þessum tíma nætur. Hún kvaðst síðan hafa heyrt að fótatakið varð hraðara og því ætlað að snúa sér við þegar gripið hefði verið í hana og hnífur lagður að hálsi hennar. Árásarmaðurinn, ákærði, hefði sagt að hann héldi á hnífi, en hún hefði aðeins séð fingur hans og því beðið hann að láta ekki eins og kjáni. Ákærði hefði í framhaldi sýnt henni hnífinn og þrýst honum að hálsi hennar, gegnum dúk eða sjal, sem hún hefði borið. A kvað ákærða jafnframt hafa sagt að hann ætlaði að „nauðga“ henni. Í framhaldi hefði hann fellt hana til jarðar, hún hafnað á maganum, hann sett annað hné sitt á bak hennar, en hitt á höfuð. Í þeirri stöðu hefði ákærði reynt að „komast inn á“ hana, en síðan snúið henni yfir á bakið, dregið buxur hennar niður á ökkla, peysu upp undir háls og vöðlað höndum hennar í úlpu fyrir ofan höfuð, þannig að hún hefði sig lítið getað hreyft. Þá hefði hann bundið sjalið þannig um höfuð hennar að hún sæi vart út úr augum. A var klökk þegar hún lýsti því að ákærði hefði síðan ítrekað „hjakkast“ með fingur í leggöng hennar og hlæjandi borið kveikjara að sköpum hennar þannig að hún hefði fundið fyrir hita frá loganum. Jafnframt hefði hann sagst ætla að kveikja í henni. A lýsti þessu nánar þannig að ákærði hefði virst vera að leika sér að henni. Hún kvaðst þrívegis hafa náð að losa hendur sínar og þá klipið hann í læri og skegg, en við síðarnefnt hefði hann brjálást og bitið hana í hálsinn. Þá hefði hann sagt ítrekað meðan á árásinni hefði staðið að hún væri „óþekk“. Eftir að hafa reynt að glenna fætur hennar sundur sagði A að ákærði hefði sagt: „Við skulum gera díl, annað hvort tottarðu mig eða ég nauðga þér.“ Hún hefði hafnað báðum kostum og sagt að einhver gæti komið að þeim. Í kjölfar þessa hefði ákærði beðið um að fá að sjá brjóst hennar. Hann hefði síðan brugðið hnífnum á loft og náð af henni brjóstahaldara. Í framhaldi hefði hann kreist og sleikt brjóst hennar. Loks hefði ákærði snúið henni yfir á maga að nýju, sett annað hné sitt á bak hennar og hitt á höfuð, þreifað í vösum á úlpu hennar, tekið 2.500 krónur úr seðlaveski og farsíma, en skilið eftir símakort og sagt að hún myndi þurfa á vinum að halda í þeirri stöðu, sem hún væri í. A var í lok vitnisburðar síns lesin frásögn hennar hjá lögreglu um atburðarás og staðfesti hún þá frásögn í einu og öllu.

Fyrir dóminn voru boðuð sem vitni starfsmaður Select, annar tveggja lögreglu manna, sem ritaði frumskýrslu vegna málsins, Kristín Andersen kvensjúkdóma

læknir, Tómas Zoëga geðlæknir og Þórunn Finnsdóttir sálfræðingur, sem hefur haft A í viðtalsmeðferð. Að Þórunni frátaldri mætti ekkert vitnanna fyrir dóm, en vegna afstöðu ákærða til sakargifta var ekki talin ástæða til að tefja aðalmeðferð vegna nefndra vanhalda. Um vætti Þórunnar verður fjallað á öðrum stað í dóminum.

VI.

Með játningu ákærða við rannsókn og meðferð málsins og staðföstum vitnisburði A fyrir dómi, sem samrýmist frásögn hennar á rannsóknarstigi og öðrum gögnum málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði er 28 ára. Samkvæmt sakavottorði og öðrum gögnum málsins hefur hann sex sinnum hlotið refsingu fyrir umferðarlagabrot, síðast 30 daga fangelsi með dómi 16. febrúar 2005. Þá hlaut hann 6. október 2005 þriggja mánaða fangelsisdóm, skilorðsbundinn þrjú ár, fyrir þjófnað. Með brotum þeim, sem ákærði er sakfelldur fyrir í þessu máli, hefur hann rofið skilorð síðastnefnds dóms. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka upp þann dóm og dæma með máli þessu eftir reglum 77. gr. hegningarlaganna. Verður litið til þessa við ákvörðun refsingar.

Þá horfa 1., 2., 4., 6. og 7. töluliður 1. mgr. 70 gr. almennra hegningarlaga til refsí þyngingar í málinu, en fallist er á með ákærvaldinu að ákærði hafi veist að A á alvarlegan og hrottafenginn hátt með hnífi og á afviknum stað, í því beina augnamiði að þröngva henni til holdlegs samræðis. Hefur ákærði staðfest sömu atriði fyrir dómi, sem og að hann hafi talið A vera „auðvelt skotmark“ og hann ekki látið sér segjast þótt A bæðist vægðar. Af vitnisburði A og fyrrnefnds sálfræðings, sem síðar verður rakinn, þarf engum að dyljast hve miklu tjóni ákærði hefur valdið fórnarlambi sínu. Á hinn bóginn á ákærði sér þær afar mikilvægu og dæmafáu málsbætur í kynferðisbrotamáli að hafa játað sök að fullu, án málalenginga eða nokkurs fyrirvara á réttmæti vitnisburðar A. Jafnframt hefur hann fallist á bóta skyldu gagnvart henni og falið dómara að meta sanngjarnar miskabætur. Ber að líta til þessa hvoru tveggja við ákvörðun refsingar, sbr. 5. töluliður 1. mgr. 70. gr. hegningarlaganna, sem og þess að telja verður að ásetningur ákærða, þótt einbeittur hafi verið, hafi í senn verið þokukennður vegna langvarandi ofneyslu amfetamíns. Það ástand réttlætir þó ekki verknað hans að neinu leyti, en kann að horfa til skýringar á framferðinu.

Að því virtu, sem að framan er rakið, þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Frá þeirri refsingu skal draga gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt frá 17. ágúst 2006, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Með hliðsjón af sakfellingu ákærða og vísan til 2. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma um bótakröfu A, en hún krefst 2.200.000 króna miskabóta á grundvelli 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. ágúst 2006 til þess dags er liðinn er mánuður frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Bóta krafan var birt ákærða á þingfestingardegi málsins 17. október síðastliðinn.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaganna, svo sem þeirri lagagrein var breytt með 13. gr. laga nr. 37/1999, er heimilt að dæma þann sem ábyrgð ber á ólög mætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns til að greiða þeim miskabætur, sem misgert var við. Á þetta ákvæði við í málinu.

Við mat á fjárhæð miskabóta ber að líta til vitnisburðar A og Þórunnar Finnsdóttur sálfræðings fyrir dómi. Hefur A meðal annars lýst því, á einkar trúverðugan hátt, að hún þori vart út úr húsi að kvöldlagi og að hún sé nú sótt heim að dyrum til að hún geti rækt vinnu sína. Vætti sálfræðingsins og fagrannsóknir styðja enn fremur að A beri öll helstu einkenni áfallastreituröskunar, sem óvíst sé hvenær verði ráðin bót á. Er þannig, að áliti dómsins, vafalaust að A hafi hlotið andlegt skipbrot við hina alvarlegu árás ákærða, sem ekki er séð fyrir hvort eða hvernig hún muni ná sér af. Að þessu virtu þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna, með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

VIII.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og vísan til 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, en til hans teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og dómsmeðferðar máls, sbr. 1. mgr. 164. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir sakarkostnaðaryfirlit ákæruvaldsins, sem nemur samtals 284.500 krónum, annars vegar 40.000 krónur vegna álitgerðar fyrrnefnds sálfræðings og hins vegar 244.500 krónur vegna rannsóknar Tómasar Zoëga geðlæknis. Er vafalaust að álitgerð sálfræðingsins teljist til sakarkostnaðar í skilningi 164. gr., sem ákærða beri að greiða. Á hinn bóginn var umrædd geðrannsókn ákveðin að tilhlutan ákæruvaldsins, án þess að ástæða væri til að ætla að ákærði væri ósakhæfur. Ber því til samræmis að leggja þann kostnað á ríkissjóð. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til greiðslu 40.000 króna í útlagðan kostnað. Við hann bætist nú þóknun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem gætti hagsmuna ákærða á rannsóknarstigi, málsvarnarlaun Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða fyrir dómi og réttargæsluþóknun Steinunnar Guðbjartsdóttur hæstaréttarlögmanns, sem tók við starfi réttargæslumanns 10 ágúst, án þess þó að mæta eða láta mæta við skýrslugjöf A þann dag. Með hliðsjón af vinnuskýrslu Arnar Clausen, sem er ítarlega rökstudd,

þykir þóknun hans hæfilega ákveðin 200.000 krónur, sem og málsvarnarlaun Sveins Andra Sveinssonar, en þóknun réttargæslumanns þykir að sama skapi hæfilega ákveðin 120.000 krónur, allt að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari sótti málið af hálfu ákærvaldsins.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Sigurður Rafn Ágústsson, sæti fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Til frá dráttar refsingunni komi gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt frá 17. ágúst 2006.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. ágúst til 17. nóvember 2006, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 560.000 krónur í sakarkostnað, þar með talda 200.000 króna þóknun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda á rannsóknarstigi, 200.000 króna málsvarnarlaun Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda fyrir dómi og 120.000 króna þóknun Steinunnar Guðbjartsdóttur hæsta réttarlögmanns, skipaðs réttargæslumanns A.

Jónas Jóhannsson